

**Sþ. 586. Tillaga til þingsályktunar**

um afgreiðslu ábyrgðarstyrks kreppulánasjóðs.

Frá Jóni Pálmasyni og Einari Árnasyni.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að kreppulánasjóður og bankarnir úthluti styrk til ábyrgðarmanna lántakenda í kreppulánasjóði eins og til er ætlazt með lögum nr. 16 frá 1. febrúar þ. á., þannig að allir ábyrgðarmenn, sem hlut eiga að máli, fái hlutfallslega jafnan styrk og hlutfallslega jafna eftirgjöf á ábyrgðarkröfum, um leið og þeir gera þær upp.

**G r e i n a r g e r ð .**

Sá annmarki hefir komið í ljós við framkvæmd laga nr. 16 frá 1. febrúar 1936, að einstakar lánsstofnanir neita að gefa eftir af ábyrgðarkröfum gegn framlagi kreppulánasjóðs nema taka þær allar sameiginlega og greina svo á milli eftir því, sem lánsstofnuninni er hagkvæmast. Á þann veg verður framkvæmd þessa máls öll önnur en til var ætlazt með lögnum. Með þessari tillögu er ætlazt til að fá fram ákveðinn þingvilja fyrir því, að ríkisstjórnin hlutist til um, að þessu sé hagað eins og lögin ætlast til.